

Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) um fjármálaáætlun 2017-2021 – mál 740

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) fagnar því að fram er komin þingsályktunartillaga um fjármálaáætlun fyrir opinber fjármál fyrir árin 2017–2021, sem byggð er á fyrirliggjandi fjármálastefnu fyrir sama tímabil. Slík áætlun mun einfalda mjög alla stefnumótun og áætlanagerð um landið allt.

Það eru hins vegar nokkur áhyggjuefni í þessari fjármálaáætlun sem stjórnin telur rétt að vekja athygli á. Óumdeilt er að stærsta byggðamál á Íslandi er að lokið verði uppbyggingu innviða, þ.e. samgöngumannvirkja, og hins vegar að landið allt verði ljósleiðaravætt. SSA, líkt og önnur landshlutasamtök, hafa á undanförunum árum hamrað á nauðsyn þess að auknum fjármunum verði veitt til þessara málaflokka og nægir að minnast á sameiginlega áskorun samtakanna frá 9. nóvember sl. Betur má ef duga skal í fjárframlögum til samgöngu- og fjarskiptamála (liður 11).

Þá veldur það nokkrum áhyggjum, nú þegar vinna við nýja byggðaáætlun er í fullum gangi, er að framlög til sveitarfélaga og byggðamála hækka sáralítið og sömu sögu er að segja um framlög til nýsköpunar, rannsókna og markaðsmál. Á undanförunum árum hafa landshlutasamtökin unnið gríðarlegt starf á vettvangi samninga um sóknaráætlun, ekki síst vegna ítrekaðra fyrirheita um aukið fjármagn til þeirra. Ef framhald á að geta orðið á þeirri vegferð, verður að verða breyting þar á.

Að síðustu verður ekki hjá því komist að víkja að framlögum til ferðaþjónustu. Ferðamönnum hefur fjölgað gríðarlega á undanförunum árum og ekkert lát virðist á. Ef sú þróun á ekki að enda með ósköpum verður að fjárfesta í uppbyggingu innviða um landið allt. Það verður ekki gert nema með myndarlegu átaki af hálfu hins opinbera.

Þá tekur SSA einnig undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið.

F.h. stjórnar SSA,

Sigrún Blöndal
formaður



1966-2016